



**60. fundur Stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses
haldinn í Upsa á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur, föstudaginn 20. maí 2022
og hófst hann kl. 08:00**

Fundinn sátu:

Valdís Guðbrandsdóttir, Heiða Hilmarsdóttir og Börkur Þór Ottósson.

Starfsmenn:

Katrín Sigurjónsdóttir embættismaður.

Fundargerð ritaði: Katrín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri

Dagskrá:

1. 202004050 - Húsfélag og hússjóður

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir málum sem hafa komið upp vegna hússjóðs frá síðasta stjórnarfundum. Stærsta málið er kostnaður vegna hitaveitu en mikið gegnumstreymi var í gegnum húsin síðustu mánuði. Það er rakið til aðgerða sem var farið í vegna titrings og hávaða í lögnum í syðstu íbúðunum og þar sem í þeim sömu íbúðum var erfitt að halda uppi hita.

Leitað var til Magnúsar í Flæði pípulagnir og kom hann í þrígang til að meta aðstæður og bregðast við. Strax eftir páska var settur loki í syðstu íbúðinni til að halda uppi hita á neysluvatni og til að varna því að kólni í lögnum þegar það er lítil notkun. Þetta á að halda jafnari hita á neysluvatni. Eftir þetta hafa ekki komið kvartanir um hitavesen.

Rætt um farveg fyrir pöntun á slætti, jólaseríur o.fl. rekstrarlegar ákvarðanir.

Stjórnin felur formanni að ræða við sviðsstjóra félagsmálasviðs um smærri rekstrarþætti vegna húseigna.

2. 202003044 - Viðhaldssjóður

Farið verður yfir þann kostnað sem hefur fallið á viðhaldssjóð frá síðasta fundum stjórnar.

Fyrir liggur að það þarf að gera við sprungur í íbúð 3d sem verið er að skila núna um mánaðarmótin.

Stjórn samþykkir að leita til Híbýlamálunar um viðgerðir á sprungum í íbúð 3d vegna skila á íbúðinni. Kostnaður greiddur úr Viðhaldssjóði. Samþykkt samhljóða með 3 atkvæðum.

3. 202205143 - Uppsögn leigusamnings, skil á íbúð.

Leigjandi í íbúð 3d sagði upp leigunni í apríl. Samkvæmt leigusamningi á að skila íbúð í því ástandi sem tekið var við henni og er það í farvegi.

Tveir voru á biðlista eftir íbúð og mun íbúðin fara í leigu strax og henni er skilað, þann 1. júní n.k.

Á fundinum svaraði stjórn fyrirspurnum frá verðandi leigjanda.

4. 201902040 - Framkvæmdastjóri Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses

Katrín sveitarstjóri hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra til bráðabirgða síðan í september 2020. Hún mun láta af störfum í lok kjörtímabilsins og því þarf stjórn að ákveða hvernig farið verður með framkvæmdastjórn stofnunarinnar.

Stjórnin telur mikilvægt að hafa samskonar tengingu inn í stjórnkerfi Dalvíkurbyggðar og verið hefur.

Stjórn beinir málefnum framkvæmdastjóra og skipan í fulltrúaráð skv. samþykktum félagsins til nýrrar sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00
